

hann að eins lítið í rúmi sínu, og létt síðan sem hann væri sofnadur. Skömmu síðar kom hundurinn að senginni, einblíndi á hann umi stund, og virtist að líta eftir, hvort maðurinn svæfi í rauun og veru. Þá er hann gat cigi séð, að maðurinn bærðist, stökk hann upp á stól sinn, og af stólnum upp á borðið; lagði síðan aðra framlöppina ofan á ljósíð, og þrýsti skarinu niður í tólginn, svo að ljósíð slokknædi; steig síðan með mestu hægð niður af bordinu aftur, og lagðist þar sem hann var vanur.

---

—  
*TIL GAMANS.*

*Vanþakklæti.* Önnu litlu fanst það óttalegt. Bróðir hennar, dálítið eldri en hún, var á bata-vegi eftir mislingana. Hann sat uppi í rúminu sínu og var að borða stórt stykki af sandköktu. Hún bað hann með tárin í augunum: „Ætlarðu ekki að gefa henni litlu systur þinni ofur litinn bita með þér?“

„Nei, það geri eg hreint ekki“—sagði Friðrik með mikilli alvöru. Ætlaði henni að skilja það, að ekki væri til neins fyrir hana að vonast eftir nokkru. Óg hann hélt áfram mjög makráður að borða kökuna sína, þangað til ekki var biti eftir. En þá gat Anna ekki stilt sig lengur. Hún kallar grátandi til mönnumu sinnar: „Mamma! er ekki Friðrik andstygglegur strákur? Hann er búinn að borða alla kökuna og gaf mér engan bita með sér. Og þó var það eg, sem létt hann fá mislingana.“

*Hans litli:* „Þú mátt trúua mér, að stóra systir míni tók málstað þinn í gær við pabba, þegar hann sagði um þig, að þú værir auli.“

*Hr. Pétursson* (með miklum áhuga): Hvað sagði systir þín?“

*Hans litli:* „Hún sagði, að það ætti aldrei að dæma nokkurn mann eftir útliti hans.“

---

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örku. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

---

*Hr. Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

*Address:* Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man., Canada.